



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# FJÁRMÁL

## Vefrit Fjármálaeftirlitsins

### Efni:

Aukin tengsl við fagfólk og almenning

Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins  
á aðdraganda bankahrunsins

Af gengistryggðum láns- og  
eignarleigusamningum lánastofnana

Úttekt á áhættustýringu og stjórnarháttum  
stóru viðskiptabankanna þriggja



## AUKIN TENGLI VIÐ FAGFÓLK OG ALMENNING

Með þessu fyrsta eintaki af Fjármálum, sem er nýtt vefrit Fjármálaeftirlitsins, hefjum við útgáfu sem ætluð er til að miðla upplýsingum og reynslu jafnt til fagmanna sem almennings. Einn af hornsteinum í stefnu Fjármálaeftirlitsins, sem gefin var út haustið 2010, er einmitt fagleg umræða og gagnsæi. Efling þessara þátta er mikilvægur hluti þess að treysta samband stofnunarinnar við samfélagið.

Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni að Fjármálaeftirlitið hefur farið í gegnum erfiða umræðu að undanfögnu. Þrátt fyrir það óumflýjanlega rót sem fylgt hefur sviptingum í yfirstjórn hafa starfsmenn staðið ótrúlega sterkir og unnið markvisst að þeim margvíslegu verkefnum sem fylgja róttækum skipulagsbreytingum sem tóku gildi hinn 16. janúar síðastliðinn.

Með nýja skipulaginu verða talsverðar breytingar. Fjögur eftirlitssvið og réttareikningsskilasvið hafa verið lögð niður og þrjú ný eftirlitssvið hafa verið stofnuð. Þetta endurspeglar ákveðnar áherslubreytingar í þá átt að gera vettvangsathuganir sýnilegri og auka áherslu á kerfislegar greiningar. Markmiðin með skipulagsbreytingunum eru að nýta mannauðinn betur, auka skilvirkni og framleiðni og tryggja

samræmi í vinnubrögðum þvert á stofnunina. Vinnan gengur vel og mun skila sterku og vel skipulögðu eftirliti.

Margar jákvæðar breytingar hafa orðið á Fjármálaeftirlitinu á síðustu árum. Starfsmönnum hefur fjölgað verulega frá 2008. Tekið hefur verið mið af gagnrýni sem fram kom í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis við uppbygginguna, auk ábendinga frá erlendum sérfræðingum í fjármálaeftirliti, s.s. Kaarlo Jännäri og Pierre-Yves Thoraval. Nefna má að svið upplýsingatækni hefur verið stækkað og styrkt til muna. Þá má einnig nefna ráðgjafarnefnd um hæfi og hæfni stjórnarmanna hjá eftirlitsskyldum aðilum sem hóf störf í ársbyrjun 2010. Tilgangurinn með starfi hennar er að styðja við lögbundið mat Fjármálaeftirlitsins um að stjórnarmenn búi yfir reynslu og lágmarksþekkingu svo þeir geti tekist á við skyldur sínar. Mikið hefur áunnist á því sviði og hefur nefndin kannað hæfi og hæfni vel á níunda tug stjórnarmanna.

Í þessu eintaki Fjármála er að finna þrjár greinar um ólík efni. Rannsóknarhópur Fjármálaeftirlitsins skrifar um rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á aðdraganda bankahrunsins. Þar er bæði sagt frá aðdraganda rannsókna,

mögulegum brotum lýst og þau mál flokkuð sem stofnunin hefur sent til Embættis sérstaks saksóknara.

Gengistryggðir láns- og eignarleigusamningar lánastofnana er annar málaflokkur sem Fjármálaeftirlitið hefur látið sig varða. Gísli Örn Kjartansson, lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings, rekur hér þá sögu og segir frá vinnu Fjármálaeftirlitsins á þessu sviði.

Að lokum er fjallað um úttekt á áhættustýringu og stjórnarháttum viðskiptabankanna þriggja sem Fjármálaeftirlitið lauk í desember 2011 með aðstoð ráðgjafafyrirtækisins Oliver Wyman. Nánar tiltekið fólst í athuguninni að leggja mat á það hvort bankarnir uppfylltu þau skilyrði Fjármálaeftirlitsins, frá haustinu 2009, fyrir starfsleyfi sem snúa að áhættustýringu og stjórnarháttum.

Ég vona að lesendum lítist vel á þetta nýja rit og sendi mínar bestu kveðjur.

**Unnur Gunnarsdóttir,**  
starfandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins



# RANNSÓKNIR FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS Á AÐDRAGANDA BANKAHRUNSINS

Þegar íslenska fjármálakerfið hrundi í október árið 2008 var talið að rannsaka þyrfti tildrög þess af þar til bærum aðilum, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu. Á þessum tíma voru þegar nokkur afmörkuð mál til rannsókna innan stofnunarinnar. Fljótlega kom í ljós að um umfangsmikil mál var að ræða og í framhaldinu var sérstakur rannsóknarhópur settur á lagginn innan Fjármálaeftirlitsins til að sinna eingöngu rannsóknum tengdum hruninu. Á vormánuðum 2009 voru ráðnir tveir sérfræðingar sem hófu rannsóknir á viðskiptum á verðbréfamarkaði og starfsemi fjármálastofnana í aðdraganda hrunsins. Verkefnið reyndist vera ærið og sýnt að fleiri starfsmenn þyrfti til að vel tækist til. Í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir auknu fjármagni til að geta sinnt þessu mikilvæga verkefni. Niðurstaðan var sú að stofnaðir voru tveir rannsóknarhópar. Í þeim starfa nú samtals 14 einstaklingar sem eru ýmist sérfræðingar í fjármálum eða lögfræðingar.

## Uppsprettur rannsókna

Upphaf rannsókna getur verið víða. Fjármálaeftirlitið gerði samninga við endurskoðunarfyrtæki um að gera skýrslu um hverja fallna fjármálastofnun. Í kjölfarið gerðu rannsakendur Fjármálaeftirlitsins greiningu á atriðum í skýrslunum sem töldust hugsanlega brot á lögum og reglum og gáfu því tilefni til ítarlegri rannsóknar af hálfu eftirlitsins. Jafnframt yfirlit um rannsakendur Fjármálaeftirlitsins. Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þar sem fram kemur greinargott yfirlit yfir það sem gerðist í íslensku fjármálalífi á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins. Slitastjórnir föllnu fjármálastofnana hafa einnig í störfum

sínum rekist á atvik og ákvarðanir sem þær telja að geti verið brot á íslenskum lögum. Slitastjórnir hafa í mörgum tilvikum sent ábendingar til Fjármálaeftirlitsins og annarra viðeigandi aðila um meint lögbrott sem áttu sér stað í tíð gömlu bankanna. Þá hafa einnig borist ábendingar frá Kauphöllinni og eftirlitsskyldum aðilum, auk þess sem mál eru tekin upp að eigin frumkvæði Fjármálaeftirlitsins.

Rannsakendur Fjármálaeftirlitsins hafa víðtækar heimildir til að afla gagna samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og sérlögum um t.d. verðbréfavíðskipti og fjármálafyrtæki.

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins leggja ríka áherslu á að þau mál sem þar eru unnin séu unnin af heilindum og fagmennsku. Rannsakendur hafa því haft það að leiðarljósi að afla nauðsynlegra gagna til að varpa sem skýrustu ljósi á þá atburðarás sem verið

banka. Síðar voru skipaðar skilanefndir fyrir fleiri fjármálastofnanir og eru starfs- og viðskiptahættir þeirra einnig til rannsókna hjá Fjármálaeftirlitinu. Alls hefur Fjármálaeftirlitið skipað skilanefndir eða bráðabirgðastjórnir fyrir 11 íslensk fjármálafyrtæki síðan í október árið 2008.

## Meint brot

Rannsóknum innan Fjármálaeftirlitsins getur lokið með kærui, vísun, stjórnvaldssekt eða án frekari aðgerða. Samkvæmt helstu sérlögum sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd á, t.d. lögum um verðbréfavíðskipti, fjármálafyrtæki og váttryggingastarfsemi, sæta meint brot gegn lögnum aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni rannsókn Fjármálaeftirlitsins. Því er frumrannsókn á málum sem heyra undir umrædd sérlög í höndum Fjármálaeftirlitsins. Telji Fjármálaeftirlitið að um sé að ræða meiri háttar brot eru þau kærð til embættis sérstaks saksóknara til

## Yfirlit yfir málslok mála hjá Fjármálaeftirlitinu á tímabilinu október 2008 til mars 2012

Kæra til embættis sérstaks saksóknara, efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða ríkissaksóknara	53
Vísun til sérstaks saksóknara	33
Stjórnvaldssekt	3
Máli lokið án frekari aðgerða	60
<b>Samtals</b>	<b>149</b>

er að rannsaka og kanna til hlítar alla þá þætti sem tengjast málinu.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum beindust rannsóknir Fjármálaeftirlitsins í upphafi að þremur stærstu fjármálastofnunum landsins, Kaupþingi banka, Landsbanka Íslands og Glitni

frekari rannsóknar. Þau brot á lögum um verðbréfavíðskipti sem hafa verið kærð til embættis sérstaks saksóknara eru einkum brot sem varða meinta markaðsmisnotkun og innherjasvik. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt kært brot á lögum um fjármálafyrtæki, lögum um starfsemi lífeyrissjóða og

lögum um vátryggingafélög.

Þau mál sem hafa verið kærð sem meint markaðsmisnotkun hafa verið mjög umfangsmikil og eiga sér upphaf allt frá árinu 2003.

Markaðsmisnotkun á sér stað þegar gerð eru viðskipti eða tilboð sem gefa eða eru líkleg til að gefa ranglega eða misvísandi til kynna framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga. Markaðsmisnotkun getur líka átt við þegar viðskipti eða framsett tilboð tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á fjármálagerningum. Markaðsmisnotkun er þegar viðskipti eða tilboð eru byggð á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku. Í þriðja lagi er það markaðsmisnotkun að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar. Þau mál sem hafa verið til rannsóknar á meintum brotum á lögum er varða markaðsmisnotkun eiga það flest sameiginlegt að talið er að unnið hafi verið markvisst að því að hækka, viðhalda eða hindra fall á verði eigin hlutabréfa.

Önnur meint brot á lögum um verðbréfavíðskipti eru innherjasvik. Innherjasvik eru t.d. þegar innherji á viðskipti með fjármálagjörning í tengdu félagi þar sem hann býr yfir upplýsingum sem eru ekki öllum almennum fjárfestum aðgengilegar.

Málum er varða brot á öðrum lögum og heyra ekki beint undir Fjármálaeftirlitið, t.d. almenn hegningarlög, er vísað til embættis sérstaks saksóknara. Dæmi um slík brot eru meint umboðssvik. Fjármálaeftirlitið hefur vísað mörgum slíkum málum til embættis sérstaks saksóknara til frekari rannsókna. Flest

þeirra mála tengjast lánveitingum fjármálastofnana til aðila sem nýttu fjármagnið til að fjárfesta í hlutabréfum sömu fjármálastofnunar án þess þó að fjármálastofnanirnar fengju fullnægjandi tryggingar afhentar. Dæmi er um að fjármálastofnun hafi veitt einkahlutafélagi kúlulán. Lánsfjármagnið var nýtt til kaupa á hlutabréfum útgefnum af sömu fjármálastofnun og veitti lánið. Til tryggingar láninu voru eingöngu þau hlutabréf sem keypt voru fyrir lánsfjármagnið og engar aðrar lánsfjárvæðir.

Þau lögbrott sem rannsakendur hafa hnotið um ná yfir nánast alla flokka meintra efnahagsbrota. Umfangsmestu málin sem kærð hafa verið til embættis sérstaks saksóknara varða meinta markaðsmisnotkun og innherjasvik. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitið vísað til embættis sérstaks saksóknara meintum brotum vegna umboðssvika, bókhaldssvika og fleiri tegunda brota. Algengt er að kærð mál vegna meintrar markaðsmisnotkunar innihaldi einnig

Fjármálaeftirlitinu. 53 mál hafa verið kærð til efnahagsbrotadeildar eða saksóknara, 33 málum verið vísað til embættis sérstaks saksóknara, 60 málum lokið án frekari aðgerða og 3 málum lokið með stjórnvaldssekt. Margar rannsóknir hafa verið það viðtækar að eftirlitið hefur þurft að óska eftir gögnum erlendis frá og jafnframt hafa vaknað spurningar um lögsögu meintra brota sem framin hafa verið hérlandis með hlutabréf í erlendum kauphöllum. Fjármálaeftirlitið sótti um aðild að Alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) til að auka aðgang sinn að frekari upplýsingum í kjölfar hrunsins.

Samkvæmt áætlun mun rannsóknun á atburðum tengdum bankahruninu ljúka fyrir árslok 2012. Fjármálaeftirlitið telur að þær áætlanir muni standast nema að eitthvað óvænt komi upp á. Sú mikla þekking og reynsla sem hefur byggst upp innan rannsóknarhópanna er mjög mikilvæg og er stefnt að því að hún haldist innan Fjármálaeftirlitsins.

#### Viðurlagamál hjá Fjármálaeftirlitinu

Markaðsmisnotkun	12
Innherjasvik	12
Umboðssvik	36
Brot á lögum um hlutafélög	8
Brot á lögum um starfsemi lífeyrissjóða	6
Önnur brot	24

visun vegna umboðssvika.

#### Fjöldi rannsókna

Rannsóknarhópar Fjármálaeftirlitsins eiga gott samstarf við embætti sérstaks saksóknara. Frá upphafi hafa verið opnuð 191 mál og þegar hefur verið lokið rannsóknun 149 mála hjá

Innan vettvangsathugunarviðs mun áfram starfa hópur starfsmanna að rannsóknun sem beinast munu að málum sem kunna að koma upp í tengslum við reglubundna starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

# AF GENGISTRYGGÐUM LÁNS- OG EIGNARLEIGUSAMNINGUM LÁNASTOFNANA

Undanfarin tvö ár hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars beint athygli sinni að lagalegri áhættu tengdri gengistryggðum láns- og eignarleigusamningum lánastofnana. Með lagalegri áhættu er meðal annars átt við hættuna á því að löggerningur hafi ekki þau réttaráhrif sem einn eða fleiri samningsaðilar höfðu ætlað honum. Slík áhætta er að jafnaði flokkuð sem ein af undirtegunum rekstraráhættu í starfsemi lánastofnana.

## Athuganir Fjármálaeftirlitsins árin 2010 og 2011

Á árinu 2010 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið fjórar athuganir er lutu að því að meta möguleg áhrif áhættunnar á fjárhagsstöðu lánastofnana, þ.m.t. eiginfjár- og lausafjárstöðu. Umfangsmesta athugunin var framkvæmd í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010. Niðurstaða dómanna var tvíþætt. Í fyrsta lagi var komist að þeirri niðurstöðu að kaupleigusamningarnir sem um var deilt í málunum væru ekki leigusamningar, heldur lánsamningar í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (eftirleiðis vaxtalög). Í öðru lagi var talið að tenging skuldbindinga slíkra samninga í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla væri óskuldbindandi, þar sem hún færi í bága við ákvæði áðurnefnds kafla laganna.

Við mótun á aðferðafræði athugunarinnar tók Fjármálaeftirlitið mið af forsendum dóma Hæstaréttar og var lánastofnunum gert að flokka láns- og eignarleigusamninga í útlánasöfnum sínum í nánar skilgreinda flokka eftir því hversu miklar líkur væru á að þeir fælu í sér ólögmæta gengistryggingu og endurreikna þá í samræmi við

fjórar vaxtaforsendur. Vegna umfangs athugunarinnar og með hliðsjón af brynni nauðsyn á skjótum viðbrögðum leitaði Fjármálaeftirlitið aðstoðar alþjóðlegs ráðgjafarfyrirtækis við framkvæmd verkefnisins auk þess sem íslensk lögmannsstofa var fengin til að gefa álit sitt á aðferðafræðinni.

Niðurstaða athugunarinnar var að veruleg hætta myndi skapast á fjármálamarkaði ef miðað væri við dekkstu sviðsmynd hennar, þ.e. ef lántakendum bæri ekki skylda til að standa lánastofnunum skil á hærri fjárhæð en umsömdum vöxtum samkvæmt samningunum, en við þær kringumstæður hefðu lánastofnanir þurft aukið eigið fé til að mæta mögulegri rýrnun útlánasafna sinna. Niðurstaðan miðað við sviðsmynd þar sem endurreikningur samninganna grundvallaðist á almennum óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands, líkt og gengið er út frá í 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga, var þó öllu viðráðanlegri fyrir lánastofnanir.

Með dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 var óvissu eytt varðandi það vaxtaviðmið sem miða skal við í samningum þar sem tenging skuldbindinga í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla reynist ólögmæt. Niðurstaða dómsins var á þann veg að miða ætti við vexti sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum lánastofnana. Dómurinn var því í samræmi við tilmæli sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn sendu frá sér hinn 30. júní sama ár og eina af þeim vaxtaforsendum sem lágu til grundvallar fyrirnefndri athugun stofnunarinnar.

Tveimur dögum áður en fyrrgreindur dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hafði Fjármálaeftirlitið sent lánastofnunum dreifibréf þar sem fram kom sú niðurstaða heildarmats stofnunarinnar að svonefndir eignarleigusamningar virtust falla undir VI. kafla vaxtalaga. Þar með lytu þeir sömu lögmálum og samningarnir sem ágreiningur var um í dómum Hæstaréttar frá 16. júní sama ár.

Í lok desember 2010 voru svo samþykkt á Alþingi lög nr. 151/2010, sem kveða á um það með hvaða hætti endurreikna ber láns- og eignarleigusamninga þar sem samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald teljast ógild. Jafnframt var lögfest ákvæði til bráðabirgða þar sem lögð var sú skylda á lánastofnanir að endurreikna tiltekna láns- og eignarleigusamninga innan tiltekins tímafrests.

Árið 2011 hélt Fjármálaeftirlitið áfram athugunum sínum á þessu sviði. Beindust þær fyrst og fremst að því að meta áhrif dóma er féllu á árinu og áðurnefndra breytinga á vaxtalögum á þá aðferðafræði sem Fjármálaeftirlitið beitti við athugun sína sumarið 2010. Þá var athugað hvort það mat sem sett var fram í áðurnefndu dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins stæðist í ljósi dóms Hæstaréttar frá 20. október 2011 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. desember sama ár þar sem leyst var úr ágreiningi um fjármögnunarleigusamninga. Rétt er að geta þess að lánastofnunin sem var aðili að síðarnefnda málinu hefur ákveðið að áfrýja því til Hæstaréttar og má vænta dóms réttarins í því máli síðar á þessu ári.

Þrátt fyrir athuganir Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 tók aðferðafræði stofnunarinnar frá 2010 ekki miklum breytingum það ár og voru áhrif breytinganna á bókfært virði útlána lánastofnana óveruleg frá fyrri mati. Jafnframt hafði reynslan sýnt að niðurstaða heildarmats Fjármálaeftirlitsins samkvæmt áðurnefndu dreifibréfi var í samræmi við forsendur og niðurstöður áðurnefndra dóma sem vörðuðu fjármögnunarleigusamninga. Má því segja að sú niðurstaða hafi staðist tímans tönn.

### Athugun í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012

Um áramótin 2011-2012 tók Fjármálaeftirlitið í auknum mæli að beina sjónum sínum að ákveðinni réttaróvissu tengdri endurreikningi og uppgjöri lánastofnana samkvæmt lögum nr. 151/2010, þ.e. um þýðingu svonefndra fullnaðarkvittana við afturvirknan endurreikning. Með dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 var þeirri óvissu að nokkru leyti eytt. Niðurstaða dómsins var á þann veg að óheimilt væri fyrir lánveitanda að krefja lántaka ólögsmæts gengistryggðs láns með afturvirkum hætti um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta, þar sem fullnaðarkvittun lá fyrir um greiðslu þeirra. Hæstiréttur taldi því uppfyllt skilyrði fyrir því að víkja frá þeirri meginreglu kröfuréttar að kröfuhafi, sem hefur fengið minna greitt en hann á rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Jafnframt er það staðfest í dóminum að við endurreikning láns- og eignarleigusamninga, þar sem samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald teljast ógild, ber

að miða við almenna óverðtryggða vexti Seðlabankans samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga, enda standi fullnaðarkvittanir því ekki í vegi.

Fjármálaeftirlitinu var ljóst áður en dómur féll í fyrrgreindu máli að ekki yrði unnt að styðjast við fyrri mat stofnunarinnar frá 2010 til að meta áhrif dómsins á bókfært virði útlána lánastofnana ef niðurstaðan yrði sú sem að framan greinir. Í kjölfar dómsins hófst því Fjármálaeftirlitið handa við að greina forsendur dómsins og móta nýja aðferðafræði með það að markmiði að meta áhrif hans á bókfært virði útlánasafna lánastofnana. Fjármálaeftirlitið sendi aðferðafræðina til lánastofnana og var þeim gert að endurmeta útlánasöfn sín í samræmi við fjórar sviðsmyndir hennar. Upplýsingar frá lánastofnunum bárust svo Fjármálaeftirlitinu um miðjan mars og vinnur stofnunin nú að því að yfirfara þær og meta heildaráhrif dómsins á fjármálakerfið. Má að öllu óbreyttu búast við því að endanlegt mat liggi fyrir í síðasta lagi í lok sama mánaðar. Í þessu sambandi er þó rétt að áréttta að bráðabirgðamat Fjármálaeftirlitsins á þeim upplýsingum sem hafa borist staðfestir að áhrif dómsins munu ekki ógna fjármálastöðugleika.

Með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar hefur réttaróvissu tengdri gengistryggðum láns- og

eignarleigusamningum þó ekki verið eytt. Dómurinn setti fyrri endurreikning og uppgjör á grundvelli laga nr. 151/2010 í ákveðið uppnám. Af því tilefni sendi Fjármálaeftirlitið lánastofnunum dreifibréf hinn 1. mars síðastliðinn þar sem því var meðal annars beint til þeirra að grípa ekki til þýngjandi vanefndaúrræða gagnvart skuldurum samkvæmt slíkum samningum í þeim tilvikum þar sem óvissa ríkir um vanskil þeirra. Síðar á þessu ári er svo að vænta frekari dóma Hæstaréttar er lúta að óvissuþáttum vegna gengistryggðra láns- og eignarleigusamninga og mun Fjármálaeftirlitið fylgjast náið með framvindu mála og halda athugunum sínum áfram.

Ljóst er að sú lagalega áhætta sem hér hefur verið til umfjöllunar og óvissan sem henni hefur fylgt hefur ekki verið til þess fallin að auka traust og trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar. Mikilvægt er að óvissu um uppgjör gengistryggðra láns- og eignarleigusamninga verði brátt eytt og aðilar á fjármálamarkaði dragi lærdóm af reynslunni svo sagan endurtaki sig ekki.

**Gísli Örn Kjartansson,**  
lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings

### Helstu dómur Hæstaréttar vegna gengistryggðra láns- og eignarleigusamninga:

**Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)**

**Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)**

**Hrd. 16. september 2010 (471/2010)**

**Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)**

**Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010)**

**Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)**

**Hrd. 20. október 2011 (282/2011)**

**Hrd. 15. febrúar 2012 (600/2011)**

**Hrd. 12. mars 2012 (113/2012)**

# ÚTTEKT Á ÁHÆTTUSTÝRINGU OG STJÓRNARHÁTTUM STÓRU VIÐSKIPTABANKANNA ÞRIGGJA

Vorið 2009 hóf Fjármálaeftirlitið, með aðkomu ráðgjafafyrirtækisins Oliver Wyman (OW), að skilgreina þau lágmarksskilyrði sem nýju viðskiptabankarnir þrír þyrftu að uppfylla til að teljast starfsleyfishæfir. Eftir að hafa farið yfir og lagt mat á viðskiptaáætlanir þeirra, fjármögnun og eiginfjárstöðu og framkvæmt á þeim álagspróf, veitti FME þeim öllum starfsleyfi í ágúst 2009 sem háð var sérstökum skilyrðum, svonefndum „sign-off“ skilyrðum. Skilyrði þessi voru fjárhagslegs eðlis, einkum hvað varðaði eiginfjár- og lausafjárstöðu þeirra, en einnig voru gerðar kröfur um ýmsar úrbætur í áhættustýringu og stjórnarháttum sem komið hafði í ljós að var mjög ábótavant í gömlu bönkunum. Þess má geta að mörg þessara úrlausnarefna voru ekki séríslensk heldur alþjóðleg vandamál, sem áttu stóran þátt í því hruni sem varð á alþjóðlegum fjármála- og bankamarkaði. Fjárhagsleg skilyrði sem sett voru af hálfu FME voru eftirfarandi:

## Eiginfjárkröfur:

1. Grunn eiginfjárþáttur (Tier 1) verði a.m.k. 12%. Hlutfall þetta gildi í a.m.k. 3 ár nema FME ákveði annað.
2. CAD hlutfall verði yfir 16%. Hlutfall þetta gildi sömuleiðis í 3 ár nema FME ákveði annað.

## Lausafjárkröfur:

1. Lausafjäreignir sem hlutfall af

heildarinnlánum séu yfir 20%.

2. Reiðufé og ígildi þess sem hlutfall af óbundnum innlánum sé yfir 5%.

## Áhættustýring og stjórnarhættir:

Í „sign-off“ verkefninu fólst meðal annars athugun á áhættustýringu og stjórnarháttum bankanna þriggja. Niðurstöður athugunarinnar voru kynntar bönkunum í júní 2009, undir heitinu „Assessment of Risk Management and Governance“. Niðurstöðunum má skipta í 17 megin verkþætti en undir hverjum þætti eru tilgreind, nokkuð ítarlega, fjöldi atriða sem þarfnast úrbóta. Í lok þessarar greinar er sýnt yfirlit yfir umrædda verkþætti. Sjá töflu hér á eftir.

Í yfirlýsingu FME um samþykki fyrir starfsleyfi viðskiptabankanna frá haustinu 2009 er að finna ýmis konar skilyrði. Eitt skilyrðanna er að bankarnir sýni fram á að þeir hafi lokið þeim úrbótum sem tilgreindar eru í niðurstöðum framangreindrar athugunar eða skuldbundið sig með fullnægjandi hætti til að ljúka þeim. Frá ágúst 2009 hefur FME fylgst með framvindu úrbóta hjá bönkunum með því að kalla eftir ýmsum gögnum og upplýsingum, auk þess að eiga fundi með bönkunum. Í desember 2011 lauk Fjármálaeftirlitið, með aðstoð Oliver Wyman, athugun sinni á eftirfylgni með úrbótum á áhættustýringu og stjórnarháttum.

Í niðurstöðum athugunarinnar frá desember 2011 kemur fram að úrbótum sem krafist var í júní 2009 sé að stærstum hluta lokið. Mat FME er því að bankarnir teljast hafa uppfyllt þau starfsleyfisskilyrði sem snúa að áhættustýringu og stjórnarháttum. Þau úrbótaatriði sem eftir standa eru það smá í sniðum að rétt þótti að setja eftirfylgni við þau í nýjan farveg. Gert er ráð fyrir að úrbótum vegna þeirra atriða sem út af standa verði lokið á árinu 2012. Einstökum úrbótum verður af hálfu FME fylgt eftir í kjölfar tilgreindra tímamarka með gagna- og upplýsingaöflun og eftir atvikum fundum með bönkunum.

Bent skal á að eftirlit FME með áhættustýringu og stjórnarháttum og mat FME á þessum þáttum er grundvallarþáttur í áhættumatskerfi af því tagi sem nú er unnið að því að hanna og innleiða með formlegum hætti, þ.e. svokallað „RAS“ kerfi (e. Risk Assessment System). Í hönnun slíks kerfis felst því óhjákvæmilega mótun eftirlits með þessum þáttum. Þá koma áhættustýring og stjórnarhættir til skoðunar í svokölluðu SREP ferli (e. Supervisory Review Evaluation Process) hjá viðskiptabönkunum þremur en næsta ferli mun hefjast veturinn 2012.



## Yfirlit yfir verkþætti varðandi áhættustýringu og stjórnarhætti:

Verkþáttur (enskt heiti)	Forgangur	Verkþáttur (íslenskt heiti)
1. Risk appetite setting	P1	Áhættuvilji stjórnar
2. Fragmentation of risk reporting	P2	Upplýsingagjöf um áhættu til stjórnar
3. Limit setting, metrics and procedure	P2	Heimildir, viðmiðanir og ferlar
4. Risk/return metrics and target setting	P3	Markmið um áhættu og ávöxtun
5. Board's role with respect to risk management	P1	Hlutverk stjórnar í áhættustýringu
6. Management fit & proper requirements	P2	Hæfisskilyrði stjórnar og stjórnenda
7. Documentation and submissions to FME	P2	Gæði upplýsinga til FME
8. Collateral data and valuation	P1	Veð- og tryggingarskrár
9. Rating / PD models	P2	Lánshæfis- og tapslíkön
10. Large and connected exposures	P1	Stórar og tengdar áhættuskuldbindingar
11. Cross-ownership and indirect exposure	P2	Krosseignatengsl og óbein áhætta
12. Impaired assets process and analytics	P1	Endurskipulagning og greining útlánasafna
13. Effects of restructuring on cash flows	P1	Fjárstreymiskerfi
14. Deposit characterisation	P1	Tímagreining og eðli innlána
15. Bottom-up frameworks for scenario testing	P2	Þróun álagsprófa
16. Operational risk management	P2	Stjórnun rekstraráhættu
17. Specific issues in organisational structure	P3	Sérgreind málefni tengd skipulagi
Skýring: P1, P2 eða P3 merkir: Forgangsverkefni 1, 2 eða 3		